

Mál nr. 192/2015
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar

Salerni brotnaði brotnaði þegar verið var að losa stíflu þ. 23.12.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.3.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 16.6.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-2

Málsatvik.

Starfsmenn M voru að vinna við að losa stíflu í frárennsli frá salerni og þurftu að færa salerni lengra frá vegna skyndilegs leka sem varð, en við það brotnaði salernið. M krefst þess að tjónið verði bætt úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar M og segir að ekki hafi verið mögulegt að losa stífluna nema með því að draga salernið frá veggfestingunni, en það hafi orsakað tjónið. V hafnar bótaskyldu og vísar til greinar 4.2. í vátryggingaskilmálum þar sem segir að vátryggingin bæti ekki tjón innan samninga eins og um ræðir í þessu máli þar sem þjónusta hafi verið keypt af M sbr. lög um þjónustukaup nr. 42/2000 sbr. 1. mgr. 1. gr. og 4. gr. laganna og tjónið á salerninu sé bein afleiðing þeirrar þjónustu sem vátryggingartaki veitti í umrætt sinn.

Álit.

Í vátryggingarskírteini vegna ábyrgðartryggingar M er sérstök athygli vakin á því að vátryggingin tekur ekki til vörsluábyrgðar vátryggðs nema samið sé um það sérstaklega. Ekki var samið um það atriði sérstaklega og gilda því ákvæði 4. gr. vátryggingaskilmála svo sem um getur í vátryggingarskírteininu. Í grein 4.3. sbr. grein 4.3.3 í vátryggingarskilmálum segir að vátryggingin bæti ekki tjón vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður í þessu tilviki M tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið. Ekki verður annað séð en að ákvæði 4.3.3. taki til þess atviks sem hér ræðir um þar sem starfsmenn M voru að vinna við umrætt salerni sem var óhjákvæmilegt samkvæmt lýsingu þeirra sjálfra til að geta losað stíflu í frárennsli frá salerninu og tjónið varð við verkið. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá V. Af ofangreindum ástæðum er ekki ástæða til að taka afstöðu til þeirrar málsástæðu sem V færir fram þess efnis að ekki sé um bótaskyldu að ræða þar sem að tjón innan samninga sé að ræða.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá V.

Reykjavík 3.7.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.